

Endurvinnsla frálagefna í vegagerð. Tinna Húnbjörg
Einarsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Rob Kamsma og
Þorbjörg Sævarsdóttir, Efla - apríl 2019.

Með auknum íbúafjölda í heiminum, eykst notkun hráefna og þar með magn aukaafurða og úrgangs til endurvinnslu eða förgunar (frálagefni). Byggingarreglugerð frá 2012 kveður á um að 60% (verður 70% árið 2020) af byggingar og niðurrifsúrgangi sé flokkaður með tillit til endurnýtingar áður en honum er skilað á viðurkenndan móttökustað. Nauðsynlegt er að kortleggja hvar og hvernig nýta má afurðina.

Í skýrslunni er velt upp notkunarmöguleikum endurunnins glers, gúmmis, plasts, malbiksfræs, steypu og þakpappa í vegagerð. Þessi efni safnast í mismiklu magni héraendis, eru misvel flokkuð og krefjast mismikillar vinnslu til að hægt sé að endurnýta þau. Farið er yfir kröfur sem gera þarf til efnanna til að þau komi til greina í ýmis lög vegar eða í vegbúnað og gefin dæmi um notkunarmöguleika hvers og eins.

Niðurstaða verkefnisins er að tækifæri eru á Íslandi til að endurnýta nokkur frálagefni í vegagerð. Sem dæmi telja skýrsluhöfundar að nægilegt magn af gleri falli til, til að huga mætti að notkun þess í undirlög vega, en þó þarf að rannsaka það frekar. Þá er bent á að endurvinnsla dekkjakurla í götugögn (bílastaðastoppa og kantsteina) sé raunhæfur möguleiki. Plast sem til fellur mætti nýta í götugögn s.s. vegstikur og einnig er bent á spennandi tilraunaverkefni sem er í gangi um framleiðslu dísilolíu úr úrgangsplasti.